

Nd.

45. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Flutningsm.: Þorsteinn Jónsson, Björn Hallsson, Benedikt Sveinsson og Ingólfur Bjarnarson.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Reykjaheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði, Pistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvikurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlið að Fossvöllum.

Greinargerð.

Samkvæmt vegalögum frá 22. nóv. 1907 liggur »þjóðvegur« um norðausturhluta landsins, frá Einarsstöðum í Reykjadal (yfir Hólasand) um Reykja-hlíð, Mývatnsöræfi, Fjöll og Móðrudalsöræfi að Skjöldólfsstöðum á Jökuldal. Leið þessi liggur, sem kunnugt er, nær því um óbygðir einar og öræfi. En um bygðarlög þessa landshluta er enginn þjóðvegarspotti alla leið úr Reykjadal og sem pósti-leið liggur með bygðum allt austur á Fijótsdalshjarað.

Þessi gloppa vegalaganna blasir við hverjum kunnugum manni og kem-

ur berlega í ljós þegar til samanburðar eru tekin önnur ákvæði laga þessara um þjóðvegi. Þarf eigi annað en taka til dæmis 9. tölulið 3. gr. laganna, þar sem með »þjóðvegum« er talin leiðin frá Hrútafjarðará, um Borðeyri út með Hrútafirði, um Stíkuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilstjarðarbotni — og mörg fleiri dæmi mætti taka.

Það gerist því eigi þörf að skýra það mörgum orðum, hversu rjettur hjeradanna á norð-austurlandi er fyrir borð borinn móts við önnur hjeruð og jafnvel stjálbygðustu útkjálka annarsstaðar á landinu.

Hjeruð þau, er hlut eiga að máli, una eigi misrjetti þessu lengur. Hafa því síðustu árin komið fram ákveðnar kröfur um það, að póstleiðin á þessu svæði yrði tekin í tölu þjóðvega, og liggja nú fyrir þinginu óskir og kröfur um þetta efni úr þremur sýslum, þar á meðal frá flestum eða öllum hreppsnefndum í þessum bygðarlögum.

Alþingi hefir alloft síðan vegalögin komu í gildi orðið að viðurkenna í verkinu, að hjer væri gloppa í lögin, og því veitt fje til brúagerða í hjeruðum þessum, svo sem á þjóðvegi væri, t. d. til brúa í Pistilfirði og á Ströndum, án þess að hjeruðin legðu til nokkurt fje að sínum bluta, og hefir með því sýnt meiri sannsýni en fyrirmæli vegalaganna kveða á um.

Því verður að visu ekki neitað, að *skemsta leið* milli Reykjadalss og Jökuldals liggur um þá leið, sem nú er kölluð »þjóðvegur«, en hún er nær öll í óbygðum og í eðli sínu ekki annað en »fjallvegur«. Bygðirnar sjálfar eru »þjóðvega«lausar. Það er því engu meiri sanngirni að láta þennan öræfa-»þjóðveg« koma í stað þjóðvegur um bygðirnar heldur en að vegurinn um Holtavörðubeiði ætti að útrýma þjóðveginum frá Gljúfiri í Borgarfirði um Dali og norður að Arngerðareyri. Hvorttveggja er samskonar fjarstæða.

Vjer treystum því, að Alþingi fallist á frumvarp þetta, því fremur sem vegamálastjóri hefir kannast við, að það hefði sanngirni við að styðjast.